


Burðarpoki

Höfundar: Katrín Úlfarsdóttir

ÚR KÖRFU TEXTÍLKENNAANS Verkefni í vélsaumi fyrir 5.–8. bekk



Aðferð:

Vélsaumur

Áhöld:

- ✓ Saumavél
- ✓ Tvinni
- ✓ Títuprjónar
- ✓ Straujárn




Efnispörf:

- ✓ Í pokann þarf gott sterkt einlitt eða mynstrað efni
- ✓ Sníðið pokann eftir málunum sem gefin eru hér upp
Poki: 2 x 50 cm x 43 cm
Vasi: 19 cm x 27 cm
Hankar: 2 x 10 cm x 45 cm
Lítill hanki: 5 x 15 cm
- ✓ Smá bútur af frönskum rennilás

Vinnulýsing fyrir nemendur

- 1 Víxlsaumið brúnir á vasa og brjótið 2 cm inn að ofan, saumið niður með beinu spori eða skrautspori.
- 2 Víxlsaumið efri brún pokans, bæði stykkin, brjótið inn af 3 cm og saumið niður.
- 3 Brjótið 1 cm inn af langhliðum á litla hanka, leggið hann tvöfaldan saman og saumið báðum megin.
- 4 Saumið franskan rennilás á hankann og vasann.



- 5 Brjótið 1 cm inn af 3 hliðum á vasanum, straiðið og nælið með títuprjónum á pokann og saumið.
- 6 Saumið pokann saman 1 cm saumfar. Víxlsaumið brúnir á eftir.
- 7 Brjótið 1 cm inn af langhliðum á hönkum, leggið saman og saumið.
- 8 Festið hankana á pokann.

Hvernig brjóta á poka saman:

